




Fuglaskoðun við Eyjafjörð



YFIRLITSKORT	2
EYJAFJÖRÐUR	3
GRÍMSEY	4-5
SIGLUFJÖRÐUR - LEIRUR	6-7
ÓLAFSJÖRÐUR - ÓLAFSJARÐARVATN, ÞÓRODDSTAÐATJÖRN	8-9
DALVÍK / SVARFAÐARDALUR - HRÍSAHÖFÐI	10-11
DALVÍK / SVARFAÐARDALUR - HÚSABAKKI	12-13
HRÍSEY	14-15
AKUREYRI - KROSSANESBORGIR	16-17
AKUREYRI - NAUSTABORGIR	18-19
AKUREYRI - ÓSHÓLMAR EYJAFJARÐARÁR OG LEIRAN	20-21
EYJAFJARÐARSVEIT - KRISTNESTJÖRN	22-23
SVALBARÐSEYRI - TUNGUTJÖRN	24-25
TAFLA YFIR FUGLATEGUNDIR	26-28



Eyjafjörður er þéttbýll á íslenskan mælikvarða og myndar ákveðið mótvægi við Reykjavíkursvæðið. Stærsta bæjarfélagið er Akureyri með rúmlega 18.000 íbúa. Til Akureyrar er um 5 klst. akstur frá Reykjavík. Daglega eru rútuferðir og flogið allt að 6 sinnum á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Flugtíminn er um 35 mín.

Náttúran

Eyjafjörður er búsældarlegt hérað, bæði frá sjónarhóli manna og fugla. Vatnasvæði fjarðarins með jökulum til fjalla, þéttriðnu neti vatnsfalla, mýrum og frjósömum óshólmum, leggur grunninn að hinu gróskumikla gróður- og smádýralífi sem árlega laðar hingað þúsundir farfugla.

Staðsetning Íslands á mörkum tempraða beltisins og kuldabeltisins hefur í för með sér mikla líffræðilega fjölbreytni smádyra í hafinu norðan við landið sem dregur að sér dýr og fugla ofar í fæðukeðjunni. Sjávarþorp eru óvenju mörg við Eyjafjörð og víða er boðið upp á hvalaskoðunarferðir.

Velkomin í fuglaskoðun

Eyjafjörður er með bestu svæðum til fuglaskoðunar á Íslandi. Óshólmar Eyjafjarðarár, Hörgár og Svarfaðardalsár eru í hópi tegundarikustu fuglasvæða landsins. Í nyrstu byggð Íslands, Grímsey, á sjálfum heimskautsbaugnum, rísa einhver mikilfenglegustu fuglabjörg landsins. Þar er mikið lundavarp og næst stærsta álkubyggð heimsins (næst á eftir Látrabjargi).

Við Eyjafjörð er að finna fjölbreytt úrval skipulagðra fuglaskoðunarsvæða með áningarstöðum, fræðsluskiltum fyrir náttúruskoðendur, stikuðum göngustígum og fuglaskoðunarhúsum.

Bæklingurinn

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um 11 fuglaskoðunarsvæði við Eyjafjörð. Fuglar eru að sjálfsögðu alls staðar en svæðin hafa þá sérstöðu að bjóða upp á sérstök skilyrði, gott aðgengi og í það minnsta lágmarks þjónustu s.s. bílastæði, göngustíga, skilti með upplýsingum um svæðið og/eða fuglaskoðunarhús. Aftast í bæklingnum er að finna töflu um þá fugla sem sjá má á hverju svæði fyrir sig.



Fuglaskoðunarhús

■ ■ ■ Göngustígur



Fuglaskoðunarstígur

— Vegur



Álka - Razorbill

🏔️ Grímsey er nyrsta byggð Íslands, 41 km norðan við fastalandið. Ferja siglir frá Dalvík á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, allt árið. Siglingin tekur 3 klst. og yfir sumartímamann er stoppað í 4 klst. í eyinni. Daglegt áætlunarflug er til eyjarinnar yfir sumarmánuðina en þrisvar í viku aðra árstíma. Grímsey er um 5,3 km² að flatarmáli.

🚶 Nokkrar merktar gönguleiðir er að finna í eyjunni. Upplagt er að hefja göngu norður á eyjarendann og liggur leiðin þá m.a. yfir norðurheimskautsbauginn og er hægt að fá vottorð þess efnis í Grímsey. Nyrsti punktur eyjarinnar er svokallaður Eyjafótur með sjávarbjörg á þrjá vegu og endalaust Norður Atlantshafið svo langt sem augað eygir. Göngustígur liggur með bjargbrúninni að Grenivíkurvita syðst á eyjunni. Á bakaleiðinni eftir

vesturströndinni er vert að gefa gætur formfögru stuðlabergi í sjó fram. Víða á leiðinni er ákjósanleg aðstaða til fuglaljósmyndunar. Í Grímsey eiga margar íslenskar fuglategundir athvarf enda lífsbjörg á hverju strái. Ekki skaðar heldur fuglalífið að hvorki finnst þar rottur né refir.

🐦 Grímsey er einn besti skoðunarstaður bjargfugla við Íslandsstrendur. Bjargfuglinn fer að láta sjá sig í mars og er að mestu horfinn úr bjarginu í ágúst. Grímseyingar síga enn í bjargið á vorin til eggjatöku. Í urð undir bjarginu er næst stærsta álkubbyggð heimsins (næst á eftir Látrabjargi). Í eyinni er einnig stærsta lundabyggð við norðurströnd Íslands. Lundinn heldur sig í eyinni frá lokum apríl fram í byrjun ágúst og er auðvelt að nálgast hann. Eitt þéttasta og stærsta kríuvarp landsins er einnig að finna í Grímsey.



Lundi - Puffin

Lundastofninn er stærsti fuglastofninn á Íslandi. Stofnstærðin er 2-3 milljónir varppara. Minnkandi gengd sandsílis við Suður- og Vesturland hefur valdið því að varp hefur misfarist þar með tilheyrandi fækkun í stofninum, en á sama tíma hefur lunda fjölgað við Norðurland.

Haftyrðill er ekki lengur á meðal íslenskra varpfugla. Hlýnandi veðrátta hefur flæmt þennan harðgerða litla bróður í svartfuglafjölskyldunni til norðlægarí slóða. Nokkur haftyrðilspör verptu hér á landi fram eftir síðustu öld. Síðasta parið verpti í Grímsey árið 1993. Haftyrðlar flækjast þó enn til landsins undan norðanstormum.



Hettumáfur - Black-headed Gull



🏔️ Siglufjörður er umkringdur háum fjöllum og undirlendi lítið. Nábyli manns og náttúru er þar næsta áþreifanlegt og stutt að fara til að komast í návígi við sérlega fjölskrúðugt fuglalíf. Í botni fjarðarins, innan við hafnarsvæðið, eru miklar leirur myndaðar af framburði Hólsár sem skapa kjörlendi fyrir vaðfugla og strandfugla.

🚶 Upplýsingaskilti um helstu fuglategundir á svæðinu stendur við Þjóðveginn vestan megin í firðinum. Best er að skoða fuglana

með gönguferð eftir malarvegi austan fjarðar eða um gamla aflagða flugbraut á sömu slóðum – flugbrautin liggur rúman kílómetra meðfram fjarðarbotninum austanverðum, frá ósi Hólsár. Bílastæði eru við kirkjugarðinn þar skammt fyrir ofan (við Þjóðveg 76).

🕒 Við flugbrautina er nær samfelld kríu- og æðarvarp en einnig má sjá á svæðinu flestar algengustu tegundir strandfugla og mófugla, einkum að vorlagi og snemmsumars.




Kría - Arctic Tern

Líf kríunnar er eitt samfellt sumar. Fyrir það leggur hún á sig lengra farflug en nokkur annar fugl. Til Eyjafjarðar koma kríurnar jafnan í byrjun maí og eru farnar aftur í byrjun ágúst. Þær fljúga krókaleiðir suður um höfin og eru komnar í Weddellhafið við Suðurskautslandið í nóvember. Þar dvelja þær hina suðrænu sumarmánuði fram í byrjun apríl en halda þá aftur norður á bóginn eftir Atlantshafshryggnum miðjum. Dægurritar á kríum frá Íslandi sýndu að árlegt farflug þeirra var rúmlega 90 þúsund km. Það samsvarar rúmum tveimur hringjum umhverfis jörðina. Krían getur orðið yfir 30 ára gömul og flýgur þá um ævina sem samsvarar sjöfaldri vegalengdinni til tunglsins.

ÓLAFSFJÖRÐUR ÓLAFSFJARÐARVATN, ÞÓRODDSTAÐATJÖRN



Flórgoði - Slavonian Grebe



Ólafsfjörður er umkringdur sæbröttum fjöllum. Við fjarðarendann tekur við breiður grösugur dalur en neðst í honum er Ólafsfjarðarvatn. Náttúrfar í Ólafsfirði einkennist af sérstæðu samspili lands og sjávar. Ólafsfjarðarvatn er óvenjulegt náttúrufyrirbæri. Nálægð þess við sjóinn gerir það að verkum að á flóði streymir sjór í vatnið. Saltvatn er eðlisþyngra en ferskvatn og þess vegna eru efri lög vatnsins fersk en neðri lög in sjór. Slík vötn eru kölluð ísölt. Í vatninu synda því bæði sjófiskar s.s. þorskur, síld og koli og ferskvatnsfiskar s.s. urriði, bleikja og lax.

Í Ólafsfirði er fuglaskoðunarhús yfir sumartímann (maí - september) við Þóroddsstaðatjörn nokkru

innan við enda Ólafsfjarðarvatns um 4,5 km innan við kaupstaðinn. Malarvegur (Ólafsfjarðarvegur vestri nr. 802) liggur þangað með vatninu vestanverðu og stendur húsið um 30 m frá veginum. Þar eru ekki bílastæði en vegurinn er fáfarinn sumarvegur og bílum þá lagt úti í vegarkantinum.

Umhverfis Ólafsfjarðarvatn er ríkulegt fuglalíf. Sjófuglar og máfar halda sig nær ströndinni og endur og vaðfuglar í votlendinu allt um kring. Flórgoðar verpa í grennd við þorpið og himbrimi er árviss á vatninu. Við Þóroddsstaðatjörn má á góðum vor- og sumardögum líta fjölda andfugla, vaðfugla og spörfugla og lómur verpir þar oft í grenndinni.



Álft - Whooper Swan

Vöktun og merkingar á álfutum á Norðurlandi er þáttur í alþjóðlegu verkefni með þátttöku fuglaáhugamanna. Á grunni þeirrar vöktunar er m.a. hægt að upplýsa að álf tarkarlinn á norðanverðu Ólafsfjarðarvatni skreið úr egg í Fnjóskadal sumarið 2002 og er því enn á besta aldri. Kerla hans er líklega Ólafsfirðingur. Samdráttur þeirra hófst líklega veturinn 2004-2005 á Englandi en sumarið eftir voru þau sest að á óðali sínu í Ólafsfirði. Þau komu fyrst upp ungum sumarið 2006 og hafa átt barnaláni að fagna síðan.



Lómur - Red-throated Diver



🏞️ Svarfaðardalur er gróðursæll, umkringdur háum fjöllum og af mörgum talinn fegurstur dala á Íslandi. Neðsti hluti Svarfaðardals er mikið votlendisflæmi og fuglaparadís. Þar er Friðland Svarfæla - elsta votlendisfriðun á Íslandi sem nær yfir 8 km² frá sjó og fram að Húsabakka. Merktir fræðslustigar með upplýsingum um gróðurfar og fuglalíf liggja um Friðlandið frá tveimur upphafsstöðum: Dalvík og Húsabakka.

🦉 Hér má fyrirhafnarlítið sjá óvenju margar fuglategundir á litlu svæði, einkum andfugla og vaðfugla, en einnig spörfugla og máfa. Um 30-40 tegundir fugla verpa í Friðlandinu og fleiri hafa þar viðkomu. Neðra fuglaskoðunarsvæðið í Svarfaðardal tekur yfir votlendissvæðið umhverfis Dalvík frá sjó og fram með Svarfaðardalsá neðan Þjóðvegur nr. 82. Í og umhverfis Hríshöfða og við

Hrísatjörn er sérlega mikið fuglalíf og góð aðstaða til fuglaskoðunar.


🚶 Aðkomuskilti stendur við bensinstöð Olís á Dalvík og þar má leggja bílum. Þaðan liggur göngustígur með Svarfaðardalsá yfir brúna við Árgerði yfir í Hríshöfða og með bökkum Hrísatjarnar. Stígurinn er varðaður skiltum með upplýsingum um gróður og fuglalíf en einnig jarðfræði og sögustaði. Frá brúnni við Árgerði má einnig ganga eftir stíkaðri gönguleið með bökkum Svarfaðardalsár um 4,5 km leið að Húsabakka.


🦉 Himbrimi er árviss á Hrísatjörn. Lómur verpir í grenndinni og sést oft á ánni af Þjóðveginum. Þar er flórgoðinn einnig áberandi og álfittin verpir þar árlega. Hettumáfur verpir þétt á Flæðunum við Dalvík og einnig er stormmáfur í sókn. Fuglaskoðunarhús stendur austanvert við Hrísatjörn.




Himbrimi - Great Northern Diver


Aðeins er vitað um fjögur til fimm verpanði himbrimapör við Eyjafjörð. Himbriminn er heimaríkur á vatninu sem hann helgar sér. Auk þess gerir hann sérhæfðar kröfur um fiskisæld og heppileg skilyrði til hreiðurgerðar. Helst þarf hann að geta ýtt sér á maganum upp á hreiðrið því hann er enginn göngugarpur og mesti stírbusi á landi. Himbrimi, straumönd og húsönd eru amerískar fuglategundir. Ísland er eina Evrópulandið þar sem þessar tegundir verpa.



 Fuglaskoðunarsvæðið við Húsabakka er við innri mörk Friðlands Svarfdæla um 5 km frá Dalvík (Svarfaðardalsvegur nr. 805). Það tekur yfir votlendi og kjarri vaxin engjalönd meðfram Tjarnartjörn og með bökkum Svarfaðardalsár. Húsabakki er gamalt skólasetur. Þar er nú félagsheimili og hótél.

 Aðkomuskilti fyrir Friðland Svarfdæla stendur við Húsabakka og þar eru einnig bílastæði. Þaðan liggur stíkuð gönguleið með fræðsluskiltum

framhá fuglaskoðunarhúsi við Tjarnartjörn niður að Svarfaðardalsá. Stígurinn heldur áfram fram með bökkum árinna um kjar- og mýrlendi aftur upp að Húsabakka.

 Við stíginn má sjá fjölda andfugla og vaðfugla og einnig rjúpu og spörfugla. Jaðrakan, spói og grágæs eru áberandi og oft má sjá straumönd í iðustrengjum á ánni.




Hrossagaukur - Snipe


Hrossagaukurinn er einrænn fugl. Á hverju vori fljúga hingað 5-600.000 hrossagaukar en enginn þeirra er þó neitt sérlega gefinn fyrir félagsskap. Hluti stofnsins heldur til hér á landi allt árið, við ströndina eða við ófrosið vatn inn til landsins. Eðli málsins samkvæmt para hrossagaukar sig þó yfir varptímamann. Ungarnir eru þó varla fyrr komnir úr eggjunum en hjónin skilja að skiptum og skipta unghópnum á milli sín.




Snjótittlingur - Snow Bunting



 Hrísey á Eyjafirði er stundum nefnd „Perla Eyjafjarðar“. Hrísey er önnur stærsta eyjan við strendur Íslands, um 7,4 km² að flatarmáli. Þangað gengur ferja frá Árskógssandi (Árskógssandsvegur nr. 808) á tveggja tíma fresti alla daga. Siglingin tekur um 15 mínútur.


 Þrjár vel merktar hringleiðir 2,3 km, 4,5 km og 5 km liggja gegnum þorpið og um syðri hluta eyjarinnar þar sem fuglalífið er fjölbreytilegast. Víða meðfram stígunum er að finna fræðsluskilti um gróður, fuglalíf og annað sem ástæða þykir að vekja athygli á.


 Fuglaskoðunarhús stendur við Lambhagatjörn norðan við þorpið, innan við kílómetra frá höfninni. Hátt í 40 fuglategundir verpa í eyinni og er þéttleiki þeirra mikill yfir varptímann. Rjúpan skipar sérstöðu meðal fuglanna í Hrísey enda prýðir hún opinbert merki eyjarinnar. Rjúpan í Hrísey er alfriðuð og hafa rannsóknir á henni verið stundaðar um árabil. Mikið krúvarp og þétt varp vaðfugla er í Hrísey enda engin villt rándýr að finna í eyjunni. Þá er hér eitt stærsta stormmáfavarp á landinu. Æðarrækt er stunduð á norðanverðri eyinni. Umferð þar er háð leyfi landeigenda.




Rjúpa - Ptarmigan


Rjúpur voru friðaðar í Hrísey með óformlegu samkomulagi eyjarskeggja árið 1930. Rjúpurarnar í eyinni lifa í óvenjulegu nábyli við manninn. Á veturnum halda þær til í þorpinu. Hríseyingar láta sér annað um rjúpurarnar sínar. Margir fóðra þær reglulega og kalla þær til sín eins og hver önnur hænsn.



 Krossanesborgir eru friðlýstur fólkvangur rétt norðan við Akureyri um 1 km² að flatarmáli. Svæðið er mótað af ísaldarjökli og einkennist af lágum jökulrispuðum klapparásum eða svokölluðum hvalbökum með mýrarsundum á milli.

 Bílastæði er við suðurenda svæðisins og er ekið að því frá götunni Óðinsnesi. Þar er aðkomuskilti með upplýsingum um fugla, gróður og gönguleiðir. Malbornir göngustígar liggja frá bílastæðinu um borgirnar og gefa

möguleika á nokkrum mislögum gönguleiðum. Við stígana er einnig að finna fræðsluskilti um sögu, jarðfræði, gróður og fuglalíf. Fuglaskoðunarhús stendur við Djárnatjörn norðarlega í Krossanesborgum, um 1,3 km frá bílastæðinu.

 Á svæðinu verpa um 30 tegundir fugla, samtals 5-600 pör. Þar er stórt máfavarp og mikið um rjúpu en auk þess verpa þar margar tegundir vaðfugla, anda og spörfugla.




Jaðrakan - Black-tailed Godwit

Jaðrakanastofninn á Íslandi er sérstakur deilistofn innan tegundarinnar og kallast á fræðimálinu *Limosa limosa islandica*.

Um 70% stormmáfa á Íslandi verpir við Eyjafjörð. Stormmáfur er nýbúi í íslenski náttúru. Hann hóf hér landnám laust fyrir 1960 og hefur orpið reglulega við Eyjafjörð síðan.



Auðnutittlingur - Redpoll



▲ Naustaborgir nefnast nokkrar klettaborgir, háar og áberandi, norðan við tjaldsvæðið að Hömrum. Vestan við Naustaborgir er grösugur flói og þar er einnig tjörn sem nefnist Hundatjörn. Tjörnin var ræst fram með skurðgreftri laust eftir 1940 en endurheimt með stíflugerð 2007. Fuglaskoðunarhús stendur vestan við tjörnina og flóann.

🚶 Um þriggja kílómetra göngustígur liggur um svæðið frá Naustahverfi á Akureyri, fyrir

sunnan golfvöllinn að Jaðri. Bílastæði eru í enda götunnar Ljómatúns og er þaðan um 1 km gangur að fuglaskoðunarhúsi.

🐦 Vaðfuglar, hettumáfar og endur verpa við Hundatjörn og spörfuglar hreiðra um sig í fjölskrúðugum skógargróðrinum umhverfis s.s. skógarþröstur, auðnutittlingur, músarrindill og glókollur sem er nýbúi og smæstur allra íslenskra fugla.



Glókollur - Goldcrest

Flestir Íslendingar lærðu það í skóla að músarrindill væri minnsti íslenski fuglinn, ekki nema 14-17 grömm. Frá 1995 er það hins vegar rangt því glókollur hefur numið hér land á undraskömmum tíma og er nú með réttu minnsti fugl landsins, meira en helmingi minni og léttari en músarrindillinn eða 4,5-7 grömm. Aukin skógrækt á Íslandi hefur skapað skilyrði fyrir fleiri nýjar tegundir s.s. svartþröst og gráþröst.

AKUREYRI - ÓSHÓLMAR EYJAFJARÐARÁR OG LEIRAN




Óshólmavæði eru tiltölulega fá á Íslandi og nánast öll á Norðurlandi. Óshólmavæði Eyjafjarðarár er þeirra stærst. Svæðið myndar neðri mörk 20 km flatlendis sem teygir sig með bökkum árinna og hefur myndast af framburði hennar frá lokum ísaldar. Neðsti hluti svæðisins er víðáttumiklar leirur sem heita Leiran. Þær koma upp úr sjó á fjöru og eru þá sannkallað veisluborð fjölmargra fuglategunda. Þjóðvegur 1 liggur yfir Eyjafjörð á leirunum. Þó óshólmarnir og Leiran hafi átt í vök að verjast fyrir samgöngubótum manna á síðari árum, s.s. flugvallar- og vegagerð, eru þeir enn eitt mikilvægasta búsetusvæði landsins fyrir þúsundir votlendisfugla sem ár hvert leggja þangað leið sína.

Gamli akvegurinn þvert yfir óshólma Eyjafjarðarár er nú

lokaður fyrir bílum en vinsæll af skokkurum og útivistarfólki. Bílastæði með aðkomuskilti er við Eyjafjarðarbraut vestri (nr. 821) við sunnanverðan flugvöllinn. Þaðan er hægt að ganga að fuglaskoðunarhúsinu á Stóra-Eyrarlandshólma (2,5 km) eða þvert yfir gömlu brýrnar þrjár yfir Eyjafjarðará að Eyjafjarðarbraut eystri (nr. 829) (3,5 km) austan fjarðar.

Yfir Leiruna er gott útsýni frá þjóðvegi 1 – Leiruvegi, og Eyjafjarðarbraut eystri (nr. 829). Hægt er að leggja bílum á útskotum við Eyjafjarðarbraut eystri (nr. 829).

30-40 tegundir fugla verpa á svæðinu og enn fleiri hafa þar viðkomu og sækja þangað lífsbjörg sína. Hettumáfur og æðarfugl eru algengustu fuglarnir á svæðinu en í kjölfarið fylgja kría, grágæs, ýmsir vaðfuglar og endur.




Æðarfugl - Eider

Erfðarannsóknir á æðarfugli við flugvöllinn á Akureyri hafa leitt í ljós að allt að 20% þeirra eggja sem æðarkollurnar þar liggja á eru ekki þeirra eigin. Hjá æðarfugli er alsíða að rosnað ömmur eða frænkur liggja á eggjum yngri anda enda kollurnar yfirleitt allar blóðskýldar á svæðinu. Í þéttu varpi er ekki óalgengt að egg vixlist á milli hreiðra og jafnvel á milli fuglategunda.



Rauðhöfðaönd - Wigeon



📍 Kristnestjörn er beint neðan við bæinn Kristnes í Eyjafirði, við Eyjafjarðarbraut vestri (nr. 821). Tjörnin er gróin og umhverfis hana mýrarflói vaxinn gróskumiklum sefgróðri sem er hið ákjósanlegasta umhverfi vatnafugla.

👤 Ofan við tjörnina og flóann er fuglaskoðunarhús sem nemendur og starfsfólk í Hrafnagilsskóla hafa


smíðað og komið þar fyrir. Hægt er að ganga að húsinu um 500 m eftir gamla þjóðveginum frá syðri enda Kristnesvegjar (nr. 822).


🦶 Við tjörnina eiga álftrarhjón óðal sitt. Þar má einnig sjá flórigoða, fjölda anda og vaðfugla. Í apríl og fram í maí hefur þar viðdvöl stór hópur rauðhöfðaanda, 100-300 fuglar.





Óðinshani - Red-necked Phalarope

Óðinshaninn kemur síðastur vaðfugla á varpstöðvar sínar á Íslandi. Hann staldrar stutt við og flýgur á undan flestum öðrum burt af landinu, en ekki til Evrópu eða Afríku eins og aðrir vaðfuglar heldur tekur hann stefnuna suður með strönd N-Ameríku, yfir Panamaeiðið, allar götur suður undir strendur Perú. Þar dvelur hann á opnu hafi yfir vetrartímam. Ekki er víst að Íslendingar á þeim slóðum bæru kennsl á þennan gæfa og skrautlega sumargest syndandi á öldum Kyrrahafsins í hvítum vetrarbúningi sínum.



 Svalbarðseyri er lítið sjávarþorp austan Eyjafjarðar um 15 km frá Akureyri. Ekið er af Þjóðvegi nr.1 niður Svalbarðseyrarveg nr. 830 að vitanum sem stendur á sjávarkambinum. Við ströndina eru tvær tjarnir. Mikið fuglalíf er umhverfis þessar tjarnir, einkum þá nyrðri sem er meira gróin og nefnist Tungutjörn.

 Bílum má leggja við vitann. Malarvegur liggur með ströndinni framhjá tjörnunum báðum. Fyrir þá sem njóta vilja náttúrunnar er mælt með gönguferð með ströndinni frá vitanum, um 1 km, út fyrir Tungutjörn og til baka.

 Við tjarnirnar og í sérlega lífríkri fjörunni á leirum sunnan við Tungutjörn má sjá allar helstu tegundir íslenskra vaðfugla og máfa, flórgoða, æðarfugl, hávellur og fleiri andartegundir. Þá er þar í maí og júní viðkomustaður ýmissa umferðarfugla s.s. tildru og rauðbrystings á leið til norðlægarí varpstaða. Svalbarðseyri er einn besti staðurinn við Eyjafjörð til að sjá og skoða slíka gesti.



Lóupræll - Dunlin

Talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á svæðum innan þeirra. Íslendingar bera ábyrgð á mörgum stofnum fugla. Meðal þeirra eru margar tegundir sjófugla sem verpa við strendur landsins, einnig vaðfuglar, s.s. spói, heiðlóa og lóupræll. Meirihluti heimsstofns þessara tegunda verpir á Íslandi.

Útivist og náttúra

Eyjafjörður er útivistarperla. Þar er kjörland fugla en einnig er mjög auðvelt að komast í návígi við hvali ef siglt er til norðurs frá Akureyri. Slík sigling getur orðið hin besta skemmtiferð þar sem njóta má útsýnis til fjalla um leið og vitjað er um hvali og sjófugla.

Whale Watching Akureyri
all year round



Elding
adventure at sea

info@whalewatchingakureyri.is
+354 497 1000
Oddeyrarbot 2, Akureyri

AKUREYRI
WHALE
WATCHING



EXCELLENT
SUCCESS
RATE

AMBASSADOR
Whale watching is our passion
ambassador.is



- Birding Tours
- Whale Watching
- Kayaking
- Excellent Day Tours!

The Traveling Viking

www.ttv.is - ttv@ttv.is
call +354 896 3569



Fuglaskoðun við Eyjafjörð

Útgefandi:

Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð,
Svalbarðsstrandarhreppur

Texti: Hjörleifur Hjartarson og Sverrir Thorstensen

Ritstjórn: María H. Tryggvadóttir

Ljósmyndir: Eyþór Ingi Jónsson

Hönnun: Geimstofan

Kort: Loftmyndir ehf.

Útgáfuár: 2017

Frekari upplýsingar:

www.northiceland.is/birding

